

Kópavogsbær
Birgir Hlynur Sigurðsson,
skipulagsstjóri
Fannborg 2
200 Kópavogur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 24. september 2013

Tilvísun: UST20130800041/ksj

Tillaga að aðalskipulagi Kópavogs 2012 - 2024

Vísað er til erindis bæjarskipulags Kópavogs er barst 9. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að aðalskipulagi Kópavogs 2012 – 2024.

Þríhnúkagígur

Í umfjöllun um afþreyingu og ferðamannasvæði kemur fram að í aðalskipulagstillögunni er stefnumörkun um að opna Þríhnúkagíg fyrir almenningi. Einnig kemur fram að það felur í sér aðkomuveg að gígnum, móttökuaðstöðu og jarðgöng í gígn. Aðkomuvegur að Þríhnúkagíg verður 2,7 km á lengd frá Bláfjallaleið.

Umhverfisstofnun bendir á að Þríhnúkagígur er staðsettur innan Bláfjallafólkvangs og um fólkvanginn gilda eftirfarandi reglur:

1. Fótgangandi fólki er heimil för um allt svæðið, og óheimilt er að reisa þar girðingar eða annars konar tálmanir, á þann veg að umferð fólks torveldist.
2. Óheimilt er að gera á svæðinu jarðrask nema leyfi Umhverfisstofnunar komi til.
3. Stefnt skal að því, að svæðið skuli skipulagt til skíðaiðkana eftir því, sem efni þykja til, en hvers konar mannvirkjagerð er háð samþykki Umhverfisstofnunar.
4. Stjórn fólkvangsins er heimilt að takmarka eða banna umferð vélknúinna farartækja innan marka fólkvangsins.

Umhverfisstofnun tekur undir að verndargildi Þríhnúkagígs er mikið bæði á lands- og heimsvísu. Umhverfisstofnun er ekki sammála því að áhrif framkvæmda við að gera gígn aðgengilegan séu að mestu afturkræf. Að tjúfa gígn mun hafa mikil og óafturkræf umhverfisáhrif í för með sér. Í áætlunum um uppbyggingu og framkvæmdir við Þríhnúkagíg er gert ráð fyrir vegi að gígnum um ósnortið svæði, bílastæðum á ósnortnu svæði og uppbyggingu bæði utaní- og ofan í gígnum. Þetta eru framkvæmdir sem koma til með að hafa áhrif á jarðmyndanir og ásýnd svæðisins. Umhverfisáhrif eru þar af leiðandi veruleg og óafturkræf hvað varðar hraunsvæði frá Bláfjallavegi að Þríhnúkagíg, fyrir utan rof á gígnum

sjálfum. Umhverfisstofnun minnir á að Skipulagsstofnun telur að setja þurfi eftirfarandi skilyrði við framkvæmdaleyfisveitingu: **1.** Hönnun aðkomuvegar verði að hámarki miðuð við valkost II, þ.e. umferðarhraða 60 – 70 km/kls. **2.** Að fyrir liggi niðurstöður úr heildarendurskoðun vatnsverndar höfuðborgarsvæðisins, sem áformað er að ljúki árið 2013. Umhverfisstofnun bendir á að skv. 38. gr. laga um náttúruvernd þarf leyfi Umhverfisstofnunar þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum og því eru allar framkvæmdir innan fólkvangsins háðar leyfi frá stofnuninni eins og fram kemur í greinargerð.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að í breytingartillögu svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2001 - 2024 eru Þríhnúkar og svæðið umhverfis skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota. Í tillögu að aðalskipulagi Kópavogs 2012 - 2024 eru Þríhnúkar og svæðið umhverfis skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði. Þarna er misræmi milli breytingartillögu svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2001 - 2024 og tillögu að aðalskipulagi Kópavogs 2012 - 2024. Umhverfisstofnun tekur undir með breytingartillögu svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2001 - 2024 um að skilgreina svæðið sem opið svæði og ítrekar um leið að reglur um Bláfjallafólkvang gilda á svæði Þríhnúkagígs.

Vatnsvernd

Í kafla um vatnsvernd er farið yfir markmið er varðar neysluvatn og um leiðir til að vernda vatnsverndarsvæði. Einnig er í umfjöllun um vatnsvernd farið yfir skilgreiningu á vatnsverndarsvæðum og vísað til reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Umhverfisstofnun minnir á að nú fer fram vinna við gerð stöðuskýrslu er varðar vatnamál og einnig minnir stofnunin á lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála sem nauðsynlegt er að hafa sem viðmið þegar fjallað er um markmið er varða hreinleika vatns. Eitt af helstu markmiðum ofangreindra laga er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Ofangreind lög ná til yfirborðsvatns og grunnvatns ásamt árósavatni og strandsjó.

Varðandi verndarsvæði vegna strandmengunar og mengunar í ám og vötnum, bendir stofnunin á að í 3. gr. ofangreindra laga um stjórn vatnamála eru skilgreiningar um flokkun vatnasviða og vatnasvæða sem eru nýrri og ganga lengra en gert er í reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

Brú á Kársnesi yfir Fossvog

Gert er ráð fyrir brú yfir Fossvog fyrir vistvænar samgöngur. Staðsetning brúarinnar er áætluð milli landfyllinga á Kársnestá og s.k. bryggjuhverfis sem er landfylling. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að áætlanir vegna ofangreindrar brúar geri ráð fyrir nægjanlegum vatnaskiptum undir brúna þannig að lífríki í Fossvogi verði ekki hætta búin af tilkomu brúarinnar. Sérstaklega þarf að huga að áhrifum væntanlegrar brúar og landfyllinga að henni, á fuglalíf í voginum. Einnig telur stofnunin mikilvægt að hugað verði vel að því að ekki verði neikvæð sjónræn áhrif af átlaðri brú á útivistarsvæðin og byggðina umhverfis.

Á Kársnesi er áfram í nýrri tillögu að aðalskipulagi Kópavogs gert ráð fyrir landfyllingu við enda Kársness. Nú er tillaga um að fylltir verði upp alls 1,8 ha. Landfyllingar ná samtals yfir stærra svæði á Kársnesi, og bendir Umhverfisstofnun á til samanburðar að landfyllingar þar sem áætluð uppfylling er 5 ha eða stærri telst framkvæmd sem kann að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og er því tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar.

Glaðheimar

Í umfjöllun um Glaðheima í umhverfisskýrslu kemur fram að í nágildandi deiliskipulagi sé gert ráð fyrir 158.000m² húsnæðis á 12,6 ha svæði. Einnig er boðuð heildarendurskoðun á skipulagi svæðisins. Á bls. 24 í greinargerð kemur fram að á skipulagstímabili aðalskipulagsins er gert ráð fyrir allt að 500 íbúðum í blandaðri byggð á Glaðheimasvæðinu. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að áhersla á loftgæði verði höfð í heildarendurskoðun svæðisins þar sem á mörkum þess er Reykjanesbraut sem er ein af mestu umferðaræðum landsins. Einnig er mikilvægt að horft sé til breyttra ferðavenja í von um að góðar aðstæður fyrir hjólandi, gangandi og almenningssamgöngur megi stuðla að minni losun frá jarðefnaeldsneyti.

Umhverfisstofnun tekur undir markmið um að þetta byggð og að nýta svæði sem nú eru vannýtt, svo fremi sem það gangi ekki á loftgæði viðkomandi svæðis. Einnig tekur stofnunin undir stefnu um að blanda byggð og þannig stytta vinnuferðir hluta íbúa.

Virðingarfyllst

Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Jónsdóttir

Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri

Skipulagsstofnun